

Ritdómur

Etik eftir Eleni Namli og Carl-Henric Grenholm,
Lundi: Studentlitteratur, 2019, 352 bls.

Fyrr á þessu ári (2019) kom út ný kennslubók í siðfræði á sænsku. Höfundarnir eru tvístirnir Elena Namli, prófessor í guðfræðilegri siðfræði við Uppsalaháskóla, og Carl-Henric Grenholm, fyrrverandi prófessor í sömu grein við sama háskóla. Segja má að þessi bók eigi sér fyrirrennara en fyrir hart nær 20 árum kom út bókin *Teologisk etik: En introduktion* (1997) eftir annan af ofangreindum höfundum, Carl-Henric Grenholm, en þá bók skrifaði hann ásamt Göran Bexell, þáverandi prófessor í guðfræðilegri siðfræði við Lundarháskóla, síðar rektor við sama skóla. Við fyrstu sýn blasir við að grunnur bókarinnar 2019 er hinn sami og bókarinnar frá 1997. Nánari skoðun sýnir þó nokkur áhugaverð frávík og hyggst ég skoða þau nánar hér á eftir. Það má einnig nefna það að *Teologisk etik* var þýdd á íslensku árið 2001 af Aðalsteini Davíðssyni og kallaðist í íslenskri þýðingu *Siðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimspeki* en Skálholtsútgáfan og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands stóðu að þeirri útgáfu. Allt frá 2001 og fram á síðustu ár hefur sú bók verið notuð sem grunnbók í siðfræðikennslu við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

Sú sem þetta skrifar var doktorsnemi í siðfræði við guðfræðideildina í Uppsölum á árunum þegar *Teologisk etik* var í smíðum og jafnframt þátttakandi í vinnuhóp sem hittist nokkrum sinnum með höfundunum, Bexell og Grenholm, til að ræða drög að nokkrum köflum. Minnst hún þess að á þessum fundum komu fram ýmsar hugmyndir um áherslubreytingar bæði hvað varðaði uppsetningu og innihald bókarinnar. Mörgum þeirra var vel tekið en öðrum síður. Dæmi um tillögur sem féllu í grýtta jörð snúa að femínískri siðfræði og vægi hennar í bókinni og kem ég nánar að þeim hér á eftir.

Femínísk siðfræði var ný af nálinni á þessum tíma en nokkrar konur í doktorsnema-hópnum, þar á meðal undirrituð, lögðu stund á hana og vildu veg hennar augljóslega sem mestan! Hinir reyndu og virtu siðfræðiprófessorar í Lundi annars vegar og Uppsölum hins vegar þekktu, eðli málsins samkvæmt, minna til hennar á þessum tíma en við, doktorsnemarnir. Þeim til hróss má þó segja að þeir voru sérlega opnir og áhugasamir og gáfu doktorsnemunum sínum almennt mikið svigrúm. Hugmynd þeirra var að hafa sérstakan kafla í *Teologisk etik* þar sem femínísk siðfræði yrði kynnt sem ein af kenningunum í siðfræði sem var vissulega djarft skref frá okkar sjónarhóli séð. Þó má segja að hugmyndir okkar femínistanna hafi fremur snúist um að flétta femínísk viðhorf og gagnrýni inn í sem flesta kafla og auka þannig á breidd þeirra og mikilvægi. Til að gera langa sögu stutta völdu höfundarnir að halda sínu striki og tóku 8. kafla bókarinnar í heild undir femíníska siðfræði, auk þess að minnast á hana örfáum sinnum hér og hvar í bókinni. Við skulum nú líta á nýju bókina, *Etik*, einkum með það í huga að koma auga á ný efnistöð og nýtt siðfræðilegt efni, auk þess að leita að afdrifum femínískrar siðfræði.

Til að byrja með má nefna að nýja bókin er um 50 blaðsíðum styttri en sú eldri og er efnið meðhöndlað í 12 köflum í stað 18 áður. Höfundarnir nota það stílbragð að byrja allflestu kafla með stuttri frásögn sem þau sækja gjarna í smiðju einhvers vel þekktis rithöfundar. Eftir frásögnina leggja þau svo fram háalvarlegar siðfræðilegar spurningar. Þetta stílbragð virkar vel að mínu mati og er til þess fallið að vekja forvitni lesandans auk þess að fá hann til að skilja að siðfræði snýst um daglegt líf fremur en eitthvað flókið og óskiljanlegt á fræðilegu plani. Sem dæmi um þekktu rithöfunda sem vísað er til í upphafi kafla má nefna Kazuo Ishiguro, Pascal Merciers, Carsten Jensen, Torgny Lindgren, Thomas Mann, Amos Oz og Svetlönu Aleksijevitj.

Líta má þannig á að bókinni sé skipt upp í þrjár fjögurra kafla einingar. Fyrstu þrjú kaflar bókarinnar fjalla um hinar velþekktu vesturlensku siðfræðikenningar: dygdasiðfræði, nytjahyggju og kantíska siðfræði og lýkur þessum hluta með kafla um siðfræðilega kenningarsmíð, almennt talað. Síðan fylgja fjórir kaflar sem eiga það sameiginlegt að varða tengsl siðfræði og trúar: kristna trú, gyðinglega trú og íslam. Að lokum eru svo fjórir kaflar sem hver um sig fjallar um mikilvæg svið siðfræðinnar nú um stundir, s.s. tengsl siðfræði og stjórn mála, stöðu dýra, stöðu umhverfismála, heilbrigðismál og kynverund manneskjunnar. Í flestum greinum eru þessi mál rædd á svipuðum nótum og gert var í eldri bókinni og því er ekki hægt að segja að um mikla endurnýjun sé að ræða.

Hvar er þá femíníska siðfræðin? Því er fljótsvarað: Hún er alls staðar. Eftir tuttugu ára eyðimerkurgöngu hefur hún ratað inn í hartnær hvern einasta kafla bókarinnar. Femínísk gagnrýni og framlag til siðfræðilegrar umræðu fléttast nú inn í alla siðfræði, ólíkt því sem var í gömlu bókinni þar sem hún var utangarðs, ein á báti. Þessari breytingu fagna ég heilsuhugar. Femínísk siðfræði er viðurkennd vídd á sviði siðfræði í þessari bók. Hún er hluti af stærri heild og ekki er þörf á að útskýra það neitt eða biðja afsökunar á innkomu hennar í hvert sinn.

Hvaða fleiri nýjungar má þá finna í bókinni? Eitt sem nefna má í því sambandi er að gyðingleg siðfræði og íslömsk siðfræði eru teknar inn sem hluti af hinni abrahamísku trúarlegu siðfræðihéð. Reyndar má segja að það sé með ólíkindum að kristin siðfræði hafi verið sett fram alla 20. öldina án tilvísunar til siðfræði systurtrúarbragðanna í austri! Það er auk þess mikil sögufölsun að aftengja hana hinum tveimur. Það er því skoðun mín að mikill fengur og löngu tímabært sé að kristnir siðfræðingar viðurkenni þessi hefðar- og textatengsl eins og hér er gert á edlilegan og uppbyggilegan hátt.

Enn eitt vil ég nefna sem er nýtt og jákvætt í bókinni *Etik* en það er að hér er lögð meiri áhersla á rétt dýra en í eldri bókinni þar eð umræðu um það málefni skorti að mestu leyti í henni. Þetta efni er vissulega spyrnt saman við umræðu um loftslagsbreytingar sem er, eins og allir vita, mál málanna í dag. Með gífurlegt mikilvægi þess síðara í huga hefði vissulega mátt helga þessum málefnum sinn kaflann hvoru en hér hafa höfundarnir ákveðið að hafa það öðruvísi.

Það er alltaf hægt að finna eitthvað að endurútgefnum bókum, ekki síst það að þær séu ekki nógu mikið endurnýjaðar. Það gæti hæglega átt við hér. Alltaf má gera betur, auka við efni og leggja málín upp með öðrum hætti. Bókinni er ætlað að þjóna sem breiður inngangur í siðfræði og reynt er af fremsta megni að forðast að teygja lopann um of. Það hefur tekist vel. Það er jákvætt að grunnbækur séu endurnýjaðar reglulega því að nýir lesendur fá á tilfinninguna að umhverfið, samfélagið og veröldin skipti siðfræðina ekki máli ef það er ekki gert. Hér hefur verið leitast við að „refresha“ en um leið stytta og hnitmiða textann. Þetta hefur tekist ágætlega að mínu mati. Það er bara synd að ungt fólk á Íslandi nú um stundir

lærir í flestum tilvikum ekki sænsku það vel að hægt sé að bjóða upp á bókina sem nýja grunnbók í siðfræði innan Guðfræði- og trúarbragðafræðideildarinnar.